

Akureyri, 14. janúar 2024

**Efni: Umsögn Heilbrigðis, viðskipta og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri um Tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri. 83. mál**

Heilbrigðis, viðskipta og raunvísindasvið (HVR) Háskólans á Akureyri (HA) fagnar eindregið þessu frumvarpi. Styrking Sjúkrahúss Akureyrar (SAK) sem mennta- og rannsóknarstofnunar er mikilvæg og áriðandi og mun hafa jákvæð áhrif á líf íbúa á upptökusvæðinu og víðar. Enn betra aðgengi nemenda og efling samvinnu á sviði vísinda milli HA og SAK er þar mikilvægur þáttur.

Nú þegar er mikið samstarf milli HA og SAK í kennslu, þjálfun og rannsóknum. Fjöldi nemenda HA í m.a. hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun fá þjálfun á SAK, starfsmenn SAK kenna sem stundakennarar við HA og starfsmenn HA vinna klínísk störf við SAK. HA veitir akademískar nafnbætur til starfsmanna SAK og sameiginleg stofnun, Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA) er sameiginlegur vettvangur starfsmanna SAK og HA til eflingar rannsókna í heilbrigðisvísindum. Innan HHA er vettvangur fyrir starfsmenn sem eru í föstu starfi hjá SAK en fá hluta af tíma sínum skilgreindan til rannsóknarvinnu á vegum HHA.

Á þessu ári er stefnt að breytingum og eflingu HHA í tengslum við að komið er að endurnýjun þeirra fimm hlutastöðugilda sem skilgreindar eru hjá HHA meðal annars með því að skilgreina stöður og starfsmenn sem sameiginlegar stöður eins og tíðkast á háskólasjúkrahúsum.

**Að virtu ofangreindu vill HVR gera eftirfarandi athugasemd við texta frumvarpsins.**


Þar segir

..... 1. *Samstarf við Landspítala og tengdar menntastofnanir verði aukið með það að markmiði að veita Sjúkrahúsinu á Akureyri viðurkenningu á verkefnum tengdum háskólasjúkrahúsi. ...*

Mun betur færi á að í texta frumvarpsins væri Háskólans á Akureyri einnig getið beint enda er fjölbreytt samstarf HA og SAK þegar til staðar og sóknafæri mikil. Að okkar mati færi betur á orðalagi eins og neðan greinir.

..... 1. *Samstarf við Landspítala, ~~og~~ tengdar menntastofnanir og Háskólann á Akureyri verði aukið með það að markmiði að veita Sjúkrahúsinu á Akureyri viðurkenningu á verkefnum tengdum háskólasjúkrahúsi. ...*

Virðingarfyllt,



Brynjar Karsson,  
Forseti Heilbrigðisvísinda-,  
viðskipta og raunvísindasviðs